

# ÁHÆTTUSTEFNA

## Tilgangur

Tilgangur stefnunnar er að viðhalda yfirsýn og viðeigandi stýringu áhættu í starfsemi Ísfélags hf., til hagsbóta fyrir samfélagið, viðskiptavini, starfsfólk og hluthafa. Tilgangur með áhættustefnunni er einnig að styrkja áhættustjórnun og innra eftirlit með heildstæðum hætti í rekstri og starfseminni, ná fram betri nýtingu fjármuna ásamt fylgni við lög og reglur í samræmi við stefnumörkun stjórnar.

## Markmið

Ísfélag hf. gerir reglulega áhættumat til þess að greina og meðhöndla áhættu í starfseminni til að tryggja að hún sé innan ásættanlegra viðmiða og til að efla áhættuvitund í starfseminni.

Meginmarkmiðið er að:

1. áhætta umfram áhættuviðmið sé meðhöndluð,
2. aðgerðir vegna mildunar áhættu hljóti viðeigandi forgang,
3. stjórnarmenn, stjórnendur, starfsfólk, verktakar, þjónustuaðilar og aðrir aðilar sem starfa fyrir Ísfélag hf. þekki eigið hlutverk, boðleiðir og mikilvægi áhættustýringar.

Sértækar stefnur sem eru til staðar skulu vera í samræmi við áhættustefnuna, til dæmis öryggisstefnur eða stefnur um upplýsingaöryggi, og persónuvernd.

Áhættumat verkefnið er framkvæmt áður en ákvörðun er tekin um stefnubreytingu eða skipulag. Skilgreind viðeigandi viðmið og hlutverk vegna ákvörðunar um áhættumat verkefnið eru metin eftir eðli og umfangs ákvörðunar.

## Áhættuvilji og áhættuþol

Stjórn Ísfélags hf. hefur skilgreint eftirfarandi áhættuvilja:

- **Fjárhagsleg áhætta:** Fyrirtækið er tilbúið að taka á sig hóflega fjárhagslega áhættu til að stuðla að vexti, en forðast mikla áhættu sem gæti ógnað fjárhagslegum stöðugleika.
- **Rekstraráhætta:** Fyrirtækið leitast við að lágmarka rekstraráhættu með skilvirkum ferlum og innra eftirliti.
- **Orðsporsáhætta:** Fyrirtækið hefur mjög lágan áhættuvilja gagnvart atvikum sem geta skaðað orðspor þess og mun gera allt sem í valdi stendur til að vernda ímynd sína.

## Áhættustýringaraðferðir

Til að stjórna áhættu mun Ísfélag hf.:

- **Greina áhættu:** Reglulega bera kennsl á mögulega áhættuþætti í starfseminni.
- **Meta áhættu:** Meta líkur og áhrif hvorrar áhættu til að forgangsraða viðbrögðum.
- **Stýra áhættu:** Þróa og innleiða aðgerðir til að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif áhættu.
- **Fylgjast með og endurskoða:** Fylgjast reglulega með áhættuþáttum og endurskoða aðgerðir til að tryggja árangur.

**Umfang**

Áhættustefnan er bindandi fyrir alla starfsmenn og nær til allra lögaðila sem veita Ísfélagi hf. þjónustu. Stefnan nær einnig til rekstrar- og viðskiptaferla, upplýsingavinnslu, rekstrar og aðstöðu ásamt allra kerfa, upplýsingaverðmæta og hug- og vélbúnaðar sem er í eigu og umsjón Ísfélags hf.

**Framkvæmd og ábyrgð**

Stefnan er samþykkt af stjórn Ísfélags hf. og er á ábyrgð hennar. Skal áhættutaka vera í samræmi við áhættustefnu þessa. Með samþykkt stefnunnar staðfestir stjórn umgjörð um framkvæmd áhættustjórnunar.

**Endurskoðun**

Að lámarki á tveggja ára fresti skal áhættustjóri endurskoða stefnuna og leggja fyrir forstjóra til samþykktar og undirritunar ef við á.

Þannig samþykkt af stjórn Ísfélags hf. dags. 23. janúar 2026.